



Reglur

um úthlutun á almennu leiguhúsnæði í eigu sveitarfélagsins Skaftárhrepps

I. kafli

Almenn ákvæði

1. gr.

Reglur þessar gilda um úthlutun á almennu leiguhúsnæði í eigu sveitarfélagsins Skaftárhrepps.

2. gr.

Markmið með reglum þessum er að tryggja ferli í umsóknum og úthlutun leiguhúsnæðis sbr. 1. gr.

3. gr.

Umsóknarréttur er bundinn ákveðnum skilyrðum:

- Skaftárhreppi er ekki skylt að leigja húsnæði til starfsmanna sinna né annarra en starfsmenn sveitarfélagsins hafa forgang fram yfir aðra.
- Umsækjandi þarf að vera orðinn 18 ára.
- Umsækjandi eigi hvorki annað íbúðarhúsnæði í Skaftárhreppi né sé leigutaki á íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu.

II. kafli

Umsóknir og skráning

4. gr.

Sækja skal skriflega um leiguhúsnæði á skrifstofu Skaftárhrepps á þar til gerðu umsóknareyðublaði.

Skrifstofa Skaftárhrepps afgreiðir umsóknir um leiguhúsnæði. Skrifstofan sendir umsækjanda skriflegt svar þar sem fram kemur hvort hann eigi gilda umsókn og sé kominn á biðlista.

Dagsetning umsóknar ræður röðun á úthlutun á leiguhúsnæði. Heimilt er þó að víkja frá dagsetningum ef fyrirséð er rekstrarstöðvun á stofnun á vegum sveitarfélagsins vegna húsnæðisskorts. Jafnframt hafa stofnanir sveitarfélagsins, er hafa leiguíbúðir innan veggja stofnunarinnar, forgang á leigu þeirra íbúða til sinna starfsmanna.

Umsóknir skal endurnýja á sex mánaða fresti, ella falla þær úr gildi. Lausar íbúðir verða ekki auglýstar nema ef engar umsóknir liggja fyrir.

Umsækjandi skal tilkynna innan sjö daga frá því að honum berst tilkynning um úthlutun, hvort hann hyggst taka húsnæðið á leigu ella fellur úthlutun úr gildi.

Gera skal tímabundinn leigusamning milli leigusala og leigutaka, sbr. lög nr 36/1994, en eigi lengur en til þriggja ára í senn.

5. gr.

Áður en afhending húsnæðis fer fram, skal byggingafulltrúi gera úttekt á ástandi húsnæðis. Hið sama skal gert við flutning leigutaka úr húsnæðinu.

6. gr.

Réttur Skaftárhrepps til uppsagnar leigusamnings er bundinn við þau tilvik þegar leigutaki hefur brotið gegn ákvæðum leigusamnings eða ákvæðum húsaleigulaga nr. 36/1994 að öðru leyti.

7. gr.

Ákvæði þessi gilda jafnt um umsóknir á skriflegu og rafrænu formi.

Reglur þessar voru samþykktar af sveitarstjórn Skaftárhrepps þann 13. júlí 2017